

BORGARRÁÐ 9. október 2025: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um fjárheimildir vegna breytinga á gatnamótum Höfðabakka við Bæjarháls - MSS25100046

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska skýringa á því hvers vegna ekki var óskað heimildar borgarráðs áður en boðnar voru út framkvæmdir við að fjarlægja hægribeygjuframhjálaup á gatnamótum Höfðabakka við Bæjarháls. Á fundi borgarráðs 27. mars sl. var einungis samþykkt heimild til að bjóða út framkvæmdir vegna endurnýjunar á umferðarljósum, meðal annars á þessum tilteknu gatnamótum, en ekki óskað heimildar samhliða til að bjóða út framkvæmdir vegna framhjálaupanna. Var breyting á hægribeygjuframhjálaupum raunar aldrei kynnt fulltrúum í borgarráði og virðist framkvæmdin hafa farið fram án fjárheimildar frá borgarráði. Óska fulltrúarnir álits borgarlögmans á afleiðingum þess að farið sé af stað í framkvæmdir án fjárheimildar borgarráðs. Óska fulltrúarnir jafnframt upplýsinga um sundurliðaðan kostnað vegna framkvæmdarinnar, annars vegar vegna endurnýjunar umferðarljósa á gatnamótunum og hins vegar vegna breytinga á hægribeygjuframhjálaupum.